

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 56 19. maí 1961 um tollvöruheymslur með síðari breytingum.

#### 1. gr.

1. mgr. 28. gr. orðist svo:

Vöru má senda ótollafgreidda úr almennri tollvöruheymslu til annarrar tollhafnar. Um flutning á tollgeymsluvöru milli tollhafna eða tollumdæma gilda reglurnar um flutning á ótollafgreiddum varningi innanlands.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 26. gr. laga nr. 47 11. júní 1960, um tollvöruheymslur o. fl., öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 18. apríl 1984.*

F. h. r.

**Höskuldur Jónsson.**

*Björn Hafsteinsson.*

## SAMÞYKKT

### um afgreiðslutíma verslana í Grindavík.

#### 1. gr.

Samþykkt þessi tekur til hverskonar smásöluverslunar í Grindavík. Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir og bifreiðastöðvar. Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktarinnar, úrskurðar bæjarstjórn, að fenginni umsögn lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra.

#### 2. gr.

Daglegur afgreiðslutími smávöruverslana og annarra sölustaða, er samþykkt þessi tekur til, má vera sem hér segir, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktinni:

Heimilt skal að opna sölustaði kl. 07.00 og skal þeim lokað eigi síðar en kl. 23.30 alla daga vikunnar, sbr. þó 3. gr.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa verslanir opnar til kl. 24.00.

Bæjarstjórn getur heimilað, að verslanir séu opnar á tímabilinu frá kl. 23.30 til 07.00 að morgni.

#### 3. gr.

Um lokun sölustaða á einstökum helgidögum og hátíðisdögum gilda eftirfarandi reglur:

- a) föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag og jóladag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.
- b) nýársdag, skírdag, annan páskadag, annan hvítasunnudag, uppstigningardag, 17. júní og annan jóladag skal sölustöðum lokað allan daginn. Bæjarstjórn getur þó heimilað að verslanir séu opnar þessa daga.
- c) aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 15.00.